



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/1479
komudagur 28.3.2006

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2006.

Efni: Til. til þingsál. um leiðir til að auka fullv. á fiski hérlendis (212. máí)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem ætlað er að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innanlands.

Viðskiptaráð sér enga þörf á því að ríkið hafi afskipti af því á hvaða vinnslustigi afli er fluttur úr landi. Það er mikilvægur þáttur í frjálsum markaði að menn ráði hverjum þeir selja vöru sína og á hvaða vinnslustigi. Hálaunastörfum hefur fjölgað á undanförunum árum og atvinnuleysi er með minnsta móti. Þetta hefur valdið því að sí erfiðara er að fá gott fólk til starfa í láglauunastörf og er því tilhneiging í þá veru að þau störf færast úr landi. Viðskiptaráð lítur ekki á ofangreinda þróun sem vandamál.

Ef fiskvinnslan lítur hinsvegar á þetta sem vandamál er ekkert því til fyrirstöðu að hún kanni hvað veldur þessari þróun og hvað hægt sé að gera til að auka fiskvinnslu í landinu. Það er eðlilegt að þeir sem hagsmuna hafa að gæta, þ.e. fiskvinnslufyrirtæki og samtök þeirra, standi fyrir slíkri könnun og fjármagni hana í stað skattgreiðenda.

Viðskiptaráð leggur því til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson